



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

Laufskálar

2020



Hildur L. Jónsdóttir
Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	4
2.1	Deildarmat	4
2.1.1	Deildarmat Lerkilundur 5 ára börn - Sigríður Jóna Clausen, deildarstjóri.	6
2.1.2	Deildarmat Furulundar 4 ára börn - Klara Sjöfn Kristjánsdóttir, deildarstjóri.	7
2.1.3	Deildarmat Birkilundar 3 ára börn - Edda Sigrún Svavarsdóttir, deildarstjóri.	8
2.1.4	Deildarmat Grenilundar 2 ára börn - Vala Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri.	11
2.2	Starfspróunarsamtöl í Laufskálum	13
2.3	Raddir starfsmanna	15
2.4	Mat næsta árs	16
2.5	Fræðsla	17
3	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	18
3.1	Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna	18
3.2	Eineltisáætlun- Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi	19
4	Foreldrasamvinna	19
4.1	Foreldraviðtöl	20
4.2	Foreldrafélag	20
5	Starfspróunarsamtöl	21
6	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
7	Sérkennsla	23
8	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	25
9	Fylgiskjöl	27
9.1	Fylgiskjal 1	27
9.2	Fylgiskjal 2	29
10	Umsögn foreldraráðs	36



1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er komið sumar og þetta er langþráðasta sumar frá upphafi starfs í Laufskálum eins og allsstaðar annarsstaðar. Starfsáætlunin tekur mið af veðri, verkföllum og veiru. Matshluti áætlunarinnar verður að einhverju leiti sá sami og fyrra ár því ekki var tækifæri á að framkvæma á vorönn eins og á venjulegu skólaári.

Það var hellingur um að vera í Laufskálum þetta skólaár og hér þroskuðust og efdust börn og starfsmenn á mörgum og ólíkum sviðum, sumt kom á óvart en annað var eins og við var að búast.

Æðruleysi barnanna og leiðir þeirra við að takast á við breyttan veruleika var lærdómur fyrir okkur fullorðna fólkið. Áhugi á því sem gerist í heiminum hefur alltaf verið viðloðandi börn en áberandi á tímum Covid 19 og þá sérstaklega hvað þau tóku sótthreinsun og öllu auknu hreinlæti af miklum áhuga. Þau tóku alvarlega að vera almannavarnir og lögðu sitt af mörkum þar.

Laufskálar er leikskóli þar sem starfsmannahópurinn hefur mikinn áhuga á menntun ungra barna. Óþrjótandi elja við að halda metnaðarfullu starfi gangandi og fersku eru eiginleikar sem foreldrar barnanna taka eftir og hafa orð á. Að fá að taka þátt í því verkefni að kenna glöðum börnum eru forréttindi sem allt starfsfólk Laufskála er þakklát fyrir.



2 Innra mat

Í Laufskálum er starfar matsnefnd. Nefndina skipa 3 starfsmenn og hún starfar í 2 ár í senn. Þá er einum aðila skipt út, þannig að setið er í matsnefnd í 4 ár samfelld. Leikskólastjóri situr alltaf í matsnefnd. Núverandi matsnefnd skipa Hildur L. Jónsdóttir leikskólastjóri, Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Gyða Rós Flosadóttir verkefnastjóri sem hætti um áramót störfum í leikskólanum.

Matsnefnd fléttar starf sitt alltaf við starf fyrra árs og jafnvel fyrri ára. Þannig næst samfella í matið og verkefni sem verið hafa í mati fá eftirfylgni í starfinu með ábyrgðarmanni og skráningu. Val matsnefndar á þáttum í mat fer eftir ábendingum starfsfólks, foreldra og fagfólki Skóla- og frístundasviðs sem er meðvitað um bæði námskrá leikskólans og starfsáætlanir hvers árs.

Umfang matsins er breytilegt og gleðilegt að matsnefnd þarf aldrei að upphugsa næsta verkefni. Þættir innan starfsins eru í biðröð að komast í mat. Með breyttum áherslum í starfsáætlun hvað varðar endurmat frá deildum sér matsnefnd ástæðu til að breyta fyrirkomulagi nefndarinnar. Breytingin sem þarf er að losa deildarstjóra undan setu í matsnefnd svo þeir geti lagt metnað í deildarmat sitt og fái til þess stuðning aðila innan matsnefndar. Matsnefnd yrði alltaf mönnuð þremur leikskólakennurum sé þess kostur. Leikskólastjóri sitji áfram alltaf í matsnefnd og meti ár frá ári hvern hann kallar til borðsins. Verkefni matsnefndar ættu að breytast töluvert þar sem meira mat færist inná hverja deild fyrir sig. Þetta er lifandi verkefni sem við tökumst á við og um leið látum við drauma rætast.

2.1 Deildarmat

Í Laufskálum er á hverju ári unnin deildarnámskrá á hverri deild. Þetta er verðlaunaverkefni þar sem börnin ráða sjálf hvað þau læra. Þessi deildarnámskrá er nú í mati í fyrsta sinn og annað sinn þar sem veturinn kláraðist ekki í mati. Þar sem reynt er að skipta börnunum eftir aldri á deildar taka námskrárnar mið af því. Hér fyrir neðan er miðannarmat deildarstjóra sem er í raun vinnuskjal til stuðnings lokamati að vori sem ekki var gert í vor.



Hér fyrir neðan er dæmi um deildarnámskrá.



Annað sem við vildum læra og ætlum að skoða:

Læra að spila handbolta	Læra að spila fótbolta
Læra um víkinga	Læra að standa á höndum
Læra að búa til snjókarl	Læra að smíða
Læra að gera stór púsl	Læra að gera geimflug
Læra að búa til slím	... og fleira og fleira

Við viljum læra stafina



Okkur langar að læra að skrifa



Við viljum læra að baka köku



Við viljum læra um dýrin



2.1.1 Deildarmat Lerkilundur 5 ára börn - Sigríður Jóna Clausen, deildarstjóri.

Aðaláhersla vetrarins var að læra eitthvað nýtt og fylgja áhuga barnanna sem komu með hugmyndirnar og leiðirnar til að læra.

Haustönnin fór í að læra að baka brauð, gera margs konar tilraunir, læra um fiska, lærðum smá á klukku og að þekkja stafina. Einnig lærðum við og æfðum okkur í að perla stórar myndir, púsla stór og erfið púsl, byggja úr lego kubbum, gerðum æfingar og lærðum um alls kyns íþróttir og stikluðum á stóru um Star Wars heiminn.

Námið fór yfirleitt fram í deildarvinnu fyrir hádegi en einnig í samverustundum, útiveru, flæði og frjálsum leik. Til dæmis gerðum við tilraunir í útiveru og ræddum um fiska í flæði og samverum.

Fiskavinnan hófst í haust í samstarfi við Furulund þar sem margvíslegar leiðir voru notaðar til að læra og skoða fiska. Fórum við á sjóminjasafnið, krufðum fiska með sjómanni, lásum bækur, föndruðum fiska í frjálsum leik og flæði og höfðum umræður um fiska í samverum.

Það gekk allt frekar vel þökk sé sveigjanlegu skipulagi og ólíkum leiðum sem við fórum. Við reyndum líka að nýta umhverfið og alls kyns leikskólaþætti í kringum okkur til að ýta undir frekara nám t.d. þegar börnin bjuggu til klukkur og gáfu foreldrum í jólagjöf. Þá notuðum við morgunfundina til að ræða klukkan hvað við færum út, hvenær hádegismatur væri o.fl. Þegar börnin voru með Lúsíuhátíð þá bökuðu þau brauðbollur handa foreldrum og ræddu eftir það að baka köku fyrir stelpukaffið. Það sem hefði mátt gera betur var að baka eða gera eitthvað fyrir strákakaffið en vegna skerðingar og manneklu reyndist erfitt að skipuleggja það.

Í janúar byrjuðum við að læra aðeins um dreka og fönðra grímur. Við eigum eftir að læra að smíða, búa til spil, búa til búninga, búa til bíómynd, búa til ís, baka köku, læra að dansa, læra um ninjur og um galdrastrákinn Harry Potter.

Febrúar mánuður fer í að læra að gera grímur og að læra dans fyrir leiklistavinastund. Í mars ætlum við að baka köku fyrir stelpukaffið. Í maí verður útskrift barnanna og fyrir hana ætlum við að læra að gera búninga og bíómynd.

Í vor eða byrjun sumars ætlum við að læra að smíða.



Fræðsla um Ninjur og Harry Potter fer fram í deildarvinnu á vorönn en við ætlum að fylgja áhuga barnanna og grípa tækifærin þegar þau koma. Að búa til spil og ís fer líka fram í deildarvinnu eða samverustundum og einhvern tíma á þessari vorönn.

2.1.2 Deildarmat Furulundar 4 ára börn - Klara Sjöfn Kristjánsdóttir, deildarstjóri.

Aðaláhersla vetrarins: Við leggjum mikið upp úr leiknum inná Furulundi þar sem leikurinn er kennsluaðferð okkur kennarana og námsleið barnsins. Við fylgjum áhugasviði barnanna og því reynum við að grípa hvert tækifæri sem börnin koma með eitthvað nýtt til að fræðast um.

Við spurðum börnin í samverustund í september 2019 hvað þau vildu læra í leikskólanum. Það kom margt áhugavert og skemmtilegt frá þeim. Þeim langaði mikið að læra að teikna og lita myndir, búa til bílabraut og flugvél, spila fótbolta, baka köku, setja niður kartöflur, týna jarðaber, æfa sig að vera prinsessa, byggja úr lego og veiða fisk.

Það sem við gripum fyrst frá þeim var að þeim langaði að læra um fiskinn og vissum við að það gæti orðið stórt verkefni fyrir deildina. Við byrjuðum að fara á bókasafnið og fá sem flestar bækur um fiska. Þar var lesin fiskisaga fyrir okkur og voru konurnar þar búnar að finna allar bækur sem bókasafnið átti um fiska. Við tökum bækurnar með okkur og lásum og skoðuðum uppá leikskóla. Við prentuðum mikið af fiskum út og límdum inná deildina okkar, gólfíð og veggina. Við hengdum upp fiskiplakat og fullt af upplýsingar um það sem býr í sjónum okkar. Farið var í fjöruferð til að kveikja áhugann enn meira hjá börnunum þar sem markmiðið var að finna krabba og sjá hvar fiskarnir búa. Við vorum það heppin að einn pabbinn hjá okkur er sjómaður og fengum við hann til að koma með fiska og kryfja þá fyrir okkur og vakti það mikla lukku. Hann fræddi okkur enn meira um fiska og fleira sem býr í sjónum, um línubáta og hvernig fiskarnir eru veiddir. Við bjuggum til marglyttur og fræddumst um þær, mikið var talað um hvaða fiskitegundir við værum að borða í leikskólanum svo hægt væri að skoða þær á plakatinu, og tölvan var notuð til að sýna þeim hákarla, sjómenn að störfum og margt fleira. Fiskaverkefnið lauk með því að öll börnin bjuggu til sinn fisk

Haustönnin fór einnig í að læra að gera tilraunir, að þekkja stafina. Einnig lærðum við og æfðum okkur í að perla myndir. Nokkur börn hjá okkur fengu mikinn áhuga á vélmennum og var því tölvan notuð í að sýna þeim hvernig vélmenni eru búin til, hvernig þau starfa og margar gerðir af þeim.

Námið fór yfirleitt fram í deildarvinnu fyrir hádegi en einnig í samverustundum, útiveru, flæði og frjálsum leik. Til dæmis gerðum við tilraunir í útiveru og ræddum um fiska í flæði og samverum.



Það gekk allt frekar vel þökk sé sveigjanlegu skipulagi og ólíkum leiðum sem við fórum. Við reyndum líka að nýta umhverfið og alls kyns leikskólaþætti í kringum okkur til að ýta undir frekara nám.

Í janúar ætluðum við að setjast aftur niður og tala um hvað við myndum vilja læra á vorönninni. Því börnin voru farin að hafa mikinn áhuga á dýrunum.



2.1.3 Deildarmat Birkilundar 3 ára börn - Edda Sigrún Svavarsdóttir, deildarstjóri.

Aðaláhersla vetrarins

1. Borðvinna milli 8:00-8:30 alla morgna
2. Morgunfundur
3. Efla lýðræði og jafnrétti
4. Sýna og sjá
5. Skipulagt hópastarf
6. Þátttaka í flæðisviku
7. Leiklistartímar

Hvað er búið að gera

Við unnum með alla þætti nema *skipulagt hópastarf*

Hvernig var framkvæmdin

1. Starfsmaður sem mætti kl. 8 á morgnanna, bauð börnunum að velja á milli borðverkefna til kl. 8:30, eða þangað til að morgunmatur hófst.
2. Gengið var frá öllum leikefni á deildinni 9:15, þá komu allir saman á grænumottu þar sem kennarar skiptust á að halda morgunfund. Þar sem farið var yfir mánaðardag og

vikudag, dagskipulag, veðrið úti, viðeigandi klæðnað fyrir útiveru, umsjónarmann dagsins og hverjir færu heim með sýna og sjá tösku.

3. Klósettferðir, útivera, hádegismatur, flæðiskaffi, flæðisvika, morgunfundur og frjáls leikur
 - a) Öllum börnum var boðið að fara á klósett eða kopp fyrir og eftir hádegi alla daga.
 - b) Byrjað snemma að klæða út, svigrúm skapast þá til þess að reyna að klæða sig í útiföt fyrir útiveru.
 - c) Öll börn fá tækifæri til þess að leggja á borð með kennara og undirbúa matartíma. Öll börn fá alltaf hníf og gaffal þegar við á, þar sem þau eru hvött til þess að reyna skera matinn sinn sjálf. Eftir mat ganga þau frá eftir sig á vagninn.
 - d) Í kaffitíma fara börnin til skiptana fram að borða og ganga frá eftir sig og bjóða næsta þegar þau hafa lokið sínum kaffitíma.
 - e) Í flæðisviku er svigrúm barnanna mikið í leik, þar sem þau geta flakkað á milli deilda á sínum forsendum og staldrað við í þar sem áhugi þeirra liggur.
 - f) Börnin læra að það er skipst á í vali á umsjónarmanni og sýna og sjá. Börnin sýna virðingu á meðan kennari ávarpar hópinn og þegar barn á orðið.
 - g) Börnin fá gott svigrúm að velja leikefni þar sem áhugi þeirra liggur hverju sinni.
4. Á þriðjudögum og fimmtudögum eru *sýna og sjá* samverustundir fyrir hádegismat.
5. Börnunum var skipt uppí fjóra hópa þar sem hópastarf átti að fara fram eftir hádegi. Hóparnir áttu að rúlla á milli kennara.
6. Börn og kennarar tóku þátt í flæðisvikum sem voru í leikskólanum.
7. Börn sem eru fædd 2016 var skipt uppí þrjá hópa, þar fóru þau í skipulagðar leiklistarstundir með Gyðu leiklistarkennara.

Hvernig gekk? Hvað hefði mátt betur fara og hvað var gott?

1. **Borðvinna** á morgnanna gekk mjög vel, þar skapaðist gott vinnunæði, börnin sem voru að mæta komu ekki inn í hávaða leik, sem okkur fannst vera mikill kostur. Borðvinnuverkefni dattu aðeins úr skorðum þegar breytingar urðu á vinnutíma starfsmanna deildarinnar. Þá voru ekki alltaf starfsmenn sem tilheyrðu deildinni á morgnanna. Við hefðum mátt leggja línur fyrir þá sem opnuðu deildina hvað við værum að vinna með, gerðum það ekki nægilega skýrt.
2. **Morgunfundur** gengur mjög vel og við erum sérstaklega ánægðar með gæði hans, við höfum slípað þær línur sem við leggjum upp með morgunfundinum og allir starfsmenn deildarinnar með á hreinu hvaða þætti við erum að leggja áherslu á.
3. **Lýðræði og jafnrétti.** Við erum búnar að vera nokkuð vel meðvitaðar um að leggja áherslu á sjálfstæði þeirra og þá sérstök áhersla á klósettferðir, fataklefi og matmálstímar. Í fataklefa er einnar helst að gefa þeim meiri tíma til þess að gera sjálf, tekur oft langan tíma, sem er ekki alltaf heppilegt fyrir heildarskipulagið. Við erum búnar að vera mjög duglegar að gefa þeim gott svigrúm við klósettferðir, öllum börnum boðið að prófa kopp eða klósett. Við hádegismat fá allir tækifæri til þess að

leggja á borð fyrir matmálstíma og hefur okkur tekist að gera það hlutverk eftirsóknarvert með mynd af umsjónarmanni sem fær svo svuntu við störf sín og upplýsir svo félaga sína hvað sé að borða með stuðnings (TMT og Lubba) tákna. Við hádegismatinn fá öll börn hníf og gaffall þegar við á og öll fá tækifæri við að skera matinn sinn sjálf. Eftir matinn ganga þau alltaf sjálf frá eftir sig. Kannski hefði mátt gefa sér meiri tíma í að leyfa þeim að æfa sig í að skammta sér sjálf í hádegismatnum og smyrja sjálf brauð sitt.

4. **Sýna og sjá** hefur bara gengið nokkuð vel, hefðum mátt byrja fyrr að meiri krafti. Sáum einnig að við þyrftum að samræma okkur betur hvernig þessar stundir færu fram. Settum góðar leiðbeiningar heim til foreldra, sem hafði líklega þau áhrif að foreldrar voru oftast duglegir að taka og koma með töskuna deginum eftir.
5. **Skipulagt hópastarf.** Þegar ákvörðun var tekin um að leggja í hópastarf, urðu mannabreytingar á deildinni og mannekla í framhaldi í húsinu. Deildastjórar ásamt starfsfólki ákváðu að bíða með hópastarf þar sem nóg var að koma nýju fólki inni starfið sem fyrir var. Ásamt því að var okkar mat að gæði frjálsa leiksins var mjög gott og því ekki endilega ágóði í að breyta fyrirkomulagi deildarinnar. Tekin var ákvörðun í byrjun febrúar að prófa að taka upp skipulagt hópastarf þegar verkfalli lyki, þar sem þáttur eins og leiklist væri svolítið dottinn út úr okkar starfi þegar Gyða hætti störfum.
6. Þátttaka í **flæðisviku** er orðin reglubundin hjá okkur og krakkarnir flestir áhugasamir að kynna sér hinar deildirnar og vera í kringum börn á hinum deildunum. Kannski þurfum við að reyna fylgja betur eftir hvort börn séu virk á meðan á flæði stendur.
7. Leiklistartímar gengur mjög vel fyrir áramót, þar var eitthvað um að tímar voru felldir niður tímar þegar á manneklu stóð. Börnin sýndu þessum tímum mikinn áhuga og fannst gaman að fara í slíkar skipulagðar stundir. Eftir að Gyða leiklistarkennari hætti hafa ekki verið skipulagðar leiklistarstundir.

Hvað á eftir að gera?

Skipulagt hópastarf hefur ekkert verið í okkar starfi, við höfum samt sem áður tekið mikla umræðu um slíkt og vægi þess. Okkar vilji hefur legið í því að fylgja áhuga barnanna og áhugi kennara til þess að vera með gæði komi frá honum daglega í frjálsa leiknum en ekki af því skipulagið segir að þú eigir að gera eitthvað skapandi milli 9-9:30. Hvort það sé nægjanlegt er svo önnur spurning. Enn það er á dagskrá að prófa að taka upp hópastarf í mánuð og leggja huglægt mat á hvort sé að skila sér betur í starfið.

Hver er áætlunin fyrir vormisseri?

Halda áfram að vinna með þá þætti sem við höfum lagt upp með, það sem kom óvænt inni var t.d. eins og ferilmappa sem er að leggjast vel í okkur sem setur líka okkur ákveðinn ramma að við séum að halda uppí ákveðnum skemmtilegum verkefnum.

Við ætlum að vera dugleg að nota Lubba tákinn og gera hann stóran hlut af okkar starfi, það sem komið er hefur okkur gengið vel að nota tákinn í leik og tali með börnunum og börnin orðin nokkuð góð í að læra tákinn.

Við ætlum að vera duglegar að vera með framkomu í samverum og gera leiklistina áþreifanlegri, grípa hvert tækifæri í sjálfsprottnum leik og gefa henni meiri sess í okkar starfi á deildinni.

2.1.4 Deildarmat Grenilundar 2 ára börn - Vala Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri.

Aðaláhersla vetrarins

Samkvæmt deildarnámskrá deildarinnar voru eftirfarandi atriði þau sem leggja átti áherslu á í vetur:

- Að starf deildarinnar miðist út frá gleði og áhuga barnanna sjálfra og að verkefni séu unnin með lærdómsferlið í huga.
- Að börnin læri að tilheyra hóp og deila rými og leikefni leikskólans með öðrum.
- Að börnin taki þátt, sitji kyrr og hafi gaman í samverustundum.
- Að börnin læri að fara í röð og fylgja henni.
- Að börnin læri að sitja við matarborðið, geti beðið þar til röðin kemur að þeim og geti setið róleg við borðið í stutta stund þegar þau hafa lokið matnum.

Hvað er búið að gera?

Á haustönninni var áhersla lögð á að kynnast hvert öðru og læra að vera saman í hóp. Við lögðum mikla áherslu að vera á gólfinu með börnunum og kynna þau fyrir alls kyns ólíkum efnivið. Með því að skipta þeim upp í hópa í leik á ólíkum svæðum náðum við að leiðbeina þeim í samskiptum við hvort annað og grípa inni ef þess þurfti. Börnunum var strax skipt í tvo hópa í samverustundum, eldri hóp og yngri hóp, og áhersla lögð á að kenna börnunum að sitja kyrr. Í hádegismat áttu öll börnin sinn stað við matarborðið, ekki endilega alltaf í sama sæti en börnin sátu alltaf við sama borðið. Þar var áhersla lögð á að börnin sætu kyrr í stutta stund eftir að þau væru búin að borða og gæfu kennaranum þannig tækifæri til þess að ganga frá að einhverju leyti. Í morgunmat og nónhressingu fórum við fljótlega að borða í flæði í leikgötu. Það gekk vel og voru börnin fljót að læra af þeim sem eldri voru og fyrir áramót voru mörg þeirra farin að ganga sjálf frá diskum og glösum.



Í upphafi kenndum við börnunum að ganga í röð. Okkur þótti ekki ganga nægilega vel og því gerðum við umbætur og börnunum var kennt að ganga saman tvö og tvö í stað þess að ganga í röð. Okkur þótti þetta gefast betur því þegar þau ganga tvö saman hafa þau jákvæð áhrif hvert á annað og við höfum þar að auki tækifæri til þess að stjórna því hvaða börn parast saman hverju sinni og höfum þannig betri stjórn á hópnum.

Hvernig var framkvæmdin?

Til þess að ná fram áherslum í deildarnámskrá töldum við mikilvægt að við kennararnir værum til staðar í leiknum og gætum þannig fylgst með, tekið þátt, komið með kveikjur og gripið inni og leiðbeint ef þess þarf.

Í samverstundum var það okkar hlutverk að bjóða upp á fjölbreytt, spennandi og skemmtileg verkefni og gæta þess að þær væru ekki of langar hverju sinni.

Hvað varðar almennt starf deildarinnar töldum við mikilvægt að grípa kveikjur að verkefnum frá börnunum sjálfum og leggja ekki endilega alltaf áherslu á útkomuna heldur einblína frekar á lærdómsferlið sjálft.

Við notuðum agastefnu Laufskála okkur til viðmiðunar og lögðum mikla áherslu á að hrósa börnunum þegar vel gekk.



Hvernig gekk? Hvað hefði mátt betur fara og hvað var gott?

Heilt á litið gekk önnin vel. Aðlaganir gengu allar vel og voru flest börnin nokkuð örugg hjá okkur fremur snemma, fyrir utan eitt eða tvö sem þurftu lengri tíma. Nokkuð var um fjarvistir starfsmanna og mannabreytingar sem óhjákvæmilega höfðu áhrif á starf deildarinnar. Það varð meðal annars til þess að hópastarf komst ekki á þann stað sem við vildum og varð ekki eins markvisst og ekki í þeim farvegi sem áætlað var.

Við fórum snemma að halda morgunfundi og gafst það vel. Samverustundir gengu misjafnlega og þótti okkur fjöldi barna hamla því að þau lærðu að sitja kyrr og að við næðum að halda almennilega utan um stundina. Í byrjun vormisseris gerðum við umbætur og erum nú með þrjár samverur og gengur það töluvert betur.

Matartímar í flæði ganga virkilega vel og gaman að sjá hversu fljót börnin voru að læra af þeim eldri að ganga frá eftir sig.

Hvað á eftir að gera?

Við settum okkur fá markmið enda með nýja deild og mestur tími fór í að kynnast börnunum, vera til staðar fyrir þau og hjálpa þeim að átta sig á dagskipulagi og regluverki leikskólaumhverfisins. Í raun eru engin markmið sem standa út af borðinu eftir haustönnina þar sem umbætur voru gerðar strax hverju sinni þegar eitthvað kom upp sem þótti ekki ganga nægilega vel.

Hver er áætlunin fyrir vormisseri?

Nú á vormisseri er þemavinna áætluð, og erum við nú þegar byrjuð. Litapemavika verða í hverjum mánuði þar sem við fjöllum um einn lit í einu og vinnum verkefni út frá honum. Einnig ætlum við að kenna börnunum og hvetja þau áfram í að klæða sig sjálf í útifötin fyrir útiveru. Auk þess ætlum við að vera markvissari í að viðhalda hópastarfi.

2.2 Starfsþróunarsamtöl í Laufskálum

Endurmat

Starfsþróunarsamtöl hafa farið fram í apríl ár hvert í Laufskálum. Viðtölin hafa farið fram á skrifstofu leikskólastjóra. Boðað er til viðtalsins með því að auglýsa tímabil viðtala og svo fær hver starfsmaður blað með upplýsingum um tímasetningar.

Þetta spurninga blað er hluti af mati á starfsþróunarviðtölunum og fjallað um niður stöður hér neðar.

Núna ætlum við að kanna hug starfsmanna til starfsþróunarsamtalanna og leita eftir hugmyndum og álitum.

Vinsamlegast ræðið í hópum og reynið að koma ykkur saman um punkta til að hafa áhrif.

- 1. Viðtölin hafa farið fram á skrifstofu leikskólastjóra, hvað finnst ykkur staðsetninguna, kostir og gallar?*
- 2. Viðtölin hafa farið fram í apríl ár hvert, kostir og gallar við tímasetninguna?*
- 3. Í næsta viðtalið er áætlað að fara yfir starfslýsingar, er það eitthvað sem þið teljið gagnlegt?*
- 4. Undirbúningur fyrir viðtalið. Kostir og gallar undirbúningsblaða, ef einhver man eftir einhverju sérstöku sem var sérstaklega gott væri gott að nefna það og einnig ef eitthvað atriði var vonlaust.*
- 5. Starfsþróun fylgir námskeið og fyrirlestrar, vinsamlegast skráið niður áhuga hópsins á fræðslu.*

Spurning 1. Engar athugasemdir gerðar og ef eitthvað kom fram var það bara um að þetta þótti notaleg staðsetning.

Spurning 2. Tímasetning viðtalanna var flutt frá febrúar til apríl fyrir 4 árum. Þetta var gert því snemma árs höfum við alltaf glímt við mikla fjarveru starfsmanna vegna veikinda þeirra og barna þeirra. Stöðugt var verið að fresta viðtölum því ekki var nægilegur fjöldi fólks í húsi svo vel færi. Þegar þau voru flutt fram á vorið þótti bæði stjórnendum og starfsfólki ákveðið álag og pressu vera létt af vetrinum og vorið tilvalið til að fara yfir skólaárið og undirbúa næsta skólaár. Fimm starfsmenn höfðu athugasemdir við tímasetningu viðtalanna. Þeir töldu gagnlegra að viðtalið færi fram í febrúar til að tækifæri gæfist á yfirstandandi skólaári til bóta. Mögulega er nýtt fólk sem ekki man/þekkir þetta að svara til um tímasetninguna. Þegar þetta er rætt í starfsmannahópnum rennur upp ljós fyrir flestum og þessi rök þykja sterkari og því hefur ekki verið fjallað meira um að færa viðtölin aftur.

Spurning 3. Hér hafði enginn sérstaka skoðun en spaugilegt að nokkrir vildu að aðrir fengu fræðslu um starfslýsingu þeirra. 😊

Spurning 4. Stundum hefur undirbúningsblað fylgt með tímasetningunni. Þessi undirbúningsblöð hafa verið allskonar en meðal annars innihaldi spurningar um líðan og gengi starfsmann í starfi sínu, spurt um áhugasvið innan leikskólans, fyrirmyndir og fleira. Mjög misjafnt er hvort starfsmenn hafa undirbúið sig fyrir viðtalið með því að skrifa inná blaðið en allir hafa kannast við að hafa lesið það þegar að viðtalinu kemur. Mikil meirihluti óskaði eftir einhverskonar undirbúningsblaði en enginn kom með ákveðna tillögu. Undirbúningsblað var útbúið fyrir viðtölin í vor og tæplega helmingur starfsmanna skrifaði eitthvað niður á undirbúningsblaðið en allir höfðu lesið það og könnuðust við að hafa farið yfir efni þess fyrir viðtalið. Starfsmenn höfðu tækifæri á að koma með efni í viðtalið sem ekki var fjallað um á undirbúningsblaðinu.

Spurning 5. Starfsfólk hafði mikið áhuga á að hafa áhrif á val á fræðslu fyrir hópinn. Næsta matsár fer í að finna góðan farveg svo tryggt sé að val á fræðslu sé í miklu samráði við hópinn ár hvert.

Starfsfólk var duglegt að koma með ábendingar bæði um starfið og búnað leikskólans. Undirbúningsblöð komu að gagni og tímarammi var ásættanlegur. Vangaveltur leikskólastjóra um að leiðinlegt er þetta stress í kringum viðtölin og að stela tíma hér og þar og reyna að koma öllum að voru óþarfar. Mikil skilningur í starfsmannahópnum og vilji til að hliðra til svo allir geti farið rólegir í sitt viðtal var áberandi í vor og fyrir það er ég þakklát og stolt. Starfsmannasamtölum hefur oft verið frestað vegna forgangsröðunar þ.e. ef veikindi eru mikil og ekki tekst að manna leikskólann lágmarks mannskap. Þetta er atriði sem mjög erfitt er að hafa áhrif á og því ekki beint til umfjöllunar í þessu mati en það má alltaf segja skoðun sína 😊 Í starfsmannaviðtölum í maí var farið yfir starfslýsingar og reyndist vel og því er þessi þáttur í raun búin í mati. Sjá betur í kafla um starfsmannasamtöl.

2.3 Raddir starfsmanna

Útivera

Í vetur ætluðum við að meta útivera eftir breytingar á garðinum. Umræður um útveru fór fram á starfsdögum en niðurstaðan var sú að fólk vildi fá meiri tíma til að átta sig á breyttu

umhverfi í útiveru. Einnig var hópurinn svo ósammála um hver fjöldi starfsmanna í útiveru miðað við barnafjölda ætti að vera, starfsmönnum fannst við gera of miklar kröfur með því að vilja meta útiveru svona fljót eftir að garðurinn var breyttur.

Matsnefnd telur athugsemdir starfsmanna um tímaramman í mati á útiveru, sýna metnað og þekkingu á málefninu og samþykkir að taka þennan þátt aftur á næsta ári til mats.

2.4 Mat næsta árs.

Deildarmat

Ljóst er að í Laufskálum verður haldið áfram með þá vinnu að börnin hafi sjálf áhrif á nám sitt og því gott að deildarnámskrá verði til mats áfram. Einnig viljum við færa barna mat inná deild. Hingað til hafa elstu börn leikskólans tekið þátt í mati en við viljum bæta næst árgangi við og því verða 4 og 5 ára börn með í barnamati næsta árs. Því miður gafst matsnefnd ekki tækifæri til að skila af sér því barnamati sem áætlað var svo sómi væri að. Áætlað var að fá álit barnanna á ákveðnu kennslurými með svokallaðir demantaskráningu. Vissulega sögðu börnin frá og gáfu okkur vísbendingar um álit sitt á kennslurýminu sem um átti að fjalla en matsnefnd metur það að nauðsynlegt sé að endurtaka þetta mat og fá nákvæmari niðurstöður. Ekki er við börnin að sakast sem hafa allan heimsins tíma og alltaf til í að taka þátt í því sem við bjóðum þeim. Hér var um tímaskort matsnefndar að ræða. Við sjáum fram á fleiri tækifæri til að fá álit barnanna þegar matið er fært inná deildar og fleira starfsfólk tekur þátt í framkvæmd.

- Deildarmat- Deildarnámskrá og barnamat-kennslurýmið leikgata.

Ábyrgð: deildarstjórar með stuðning matsnefndar.

- Námskrá leikskólans. Námskráin var gefin út árið 2016 og þarfnast yfirferðar til að geta talist lifandi. Þættir úr námskrá sem skoða þarf eru meðal annars lýsing á samskiptum barna og kennara, ekki er nægilega tekið fram að reglulega eru gerðar samskiptaskráningar og eftirfylgni með þeirri skráningu er góð. Þar er tryggt að ekkert barn falli milli stafs og bryggju samskiptalega séð og ef samskitin innihalda sjaldan gæði eða jákvæðni er gripið inní. Þetta verður að skýra betur í námskrá.

Ábyrgð: Matsnefnd.

- Raddir starfsmanna. Starfsmenn óskuðu eftir fræðslu í skyndihjálp og við því var brugðist (námskeið áætlað 30.8.2019). Virkilega gott að fá svona sterka bón frá



meirihluta starfsmanna og gaf von um að hópurinn geti framvegis komið sér saman um heppilega fræðslu ár hvert. Áætlað að kanna hug fólks til að hafa áhrif og hvar áhuginn liggur í framhaldinu. Þetta frábæra markmið fyrir árið 2019-2020 verður að færast til næsta skólaárs og óskir um fræðslu kannaðar vorið 2021. Áhugi starfsmanna er samt mikil á að finna leiðir til að verja okkur og börnin fyrir alskyns vágustum (umgangsspektir, njálgur, lús ofl) og hefta útbreiðslu. Við lærðum helling í veirufaraldrinum og höfum tekið margt sem hófst í faraldrinum inni starfið okkar til frambúðar. Þetta eru allt eðlilegir hlutir einsog handþvottur og hreinsun leikfanga en með breyttum áherslum og aðkomu allra í húsinu. Mögulega skoðum við fræðslu þessu tengt.

Ábyrgð: Matsnefnd.

2.5 Fræðsla

Að ósk starfsmanna var haldið námskeið í skyndihjálpi fyrir allt starfsfólk leikskólans. Margir hafa sótt slík námskeið áður en ljóst að öllum þótti þetta þarft og gott.

Jafningafræðslan er alltaf til staðar og ein deild var í hlutverk fræðsluaðila og fyrirmýnda í vetur varðandi Lubba verkefnið sem er málörvunarverkefni. Með vorinu var ljóst að Lubba verkefnið okkar þarfnast einhvers sem getur veið fremstur meðal jafninga og veitt öðrum hvatningu. Nokkrir koma til greina í þetta hlutverk og með haustinu sjáum við hvernig þetta passar við önnur verkefni viðkomandi aðila. Einnig fáum við fagaðila með viðurkennd málörvunarnámskeið til okkar í október, þetta hefur verið ósk frá starfsmanna frá því síðasta námskeið var haldið haustið 2017.

Jafningafræðsla í Laufskálum ætlar að byrja á fræðslu um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Þetta er fræðsla sem gæti tekið langan tíma og við hlökkum til að skoða starfið okkar með tiliti til barnasáttmálans og bæta það sem þarf að bæta.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu námskeið á vegum Skóla og frístundasviðs sem bar yfirskriftina Velliðan á vinnustað. Námskeiðinu var ætlað að styðja við vinnustaði sem hafa glímt við fjarvistir starfsmanna. Þetta reyndist ágætis námskeið og í kjölfarið voru gerðar áherslubreytingar en tíminn á eftir að leiða í ljós hvort það hafi verið gagnlegt.



Forystunám Reykjavíkurborgar bauð leikskólastjóra að taka þátt í öflugum námskeiðum um hvaðeina og allt. Þetta var gagnlegt og hvetjandi, upplýsandi og nærandi. Gaman að námið sóttu stjórnendur frá ólíkum sviðum og stofnunum borgarinnar, reglulega gott að hugsa um vinnuumhverfi annarra.

3 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Laufskálar og Rimaskóli hafa undanfarin ár þróað samstarf sín á milli. Þetta hefur gengið vel og heimsóknir á milli skólanna verið öllum til gagns og gamans. Það er sérstaklega ánægjulegt hversu fjölbreyttar heimsóknirnar í Rimaskóla hafa verið. Börnunum er boðið að vera í ólíkum kennslustundum og taka þátt í skemmtilegum verkefnum. Börn og starfsfólk leikskólans hlakka alltaf til þegar nemendur Rimaskóla koma í heimsókn, hvort sem það er 1. bekkur að rifja upp leikskólaárin sín eða eldri nemendur með upplestur eða leikrit til að sýna okkur.



Frístundaheimilið Tígrishær hefur sýnt mikinn samstarfsvilja við leikskólann og nokkuð vel hefur gengið að kynna frístundaheimilið fyrir elstu börnunum okkar sem flest dvelja þar að loknum skóladegi næsta vetur. Heimsóknir barnanna hafa verið skemmtilegar og upplýsandi.

3.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna

Leikskólarnir 3 í Rimahverfi, Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína fyrir hver öðrum með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst. Þetta samstarf byggist á nokkrum viðburðum.

Elstu börn allra leikskólanna leggja mikinn metnað í að setja upp sýningar í tengslum við útskriftarathafnir barnanna. Þessar sýningar eru sýndar foreldrum á útskriftardaginn og leikskólabörnum Rimahverfis í lok maí. Einn leikskóli er gestgjafi í einu og fær til sín hina leikskólana tvo. Sett er upp sýning og að henni lokinni eru börnin hvött til að spjalla og leika. Boðið er uppá ávaxtabita.

Allur hópurinn hittist í júní á útivistarsvæði við Gufunesbæ. Starfsfólk Gufunesbæjar er með dagskrá sem leikskólakennararnir styðja við. Börnin sem nú þegar þekkjast orðið nokkuð fá tækifæri til að vinna saman að verkefnum í ólíkum hópum. Gefið er tækifæri til frjálsra leikja og snædd er máltíð með léttum brag.

Yfir vetrartímann hittast þessir hópar ásamt 1. bekk Rimaskóla í verkefnum tengdum Heilsueflandi skólar í Grafarvogi, farið er í vettvangsferðir og víðavangshlaup.

Að tilheyra leikskólahóp er oft krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra en stærri hóp þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu þeirra leikskóla á milli. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður tilvalinn leið til að styrkja tengsl þessara barna.

Þetta er gott skipulag sem riðlaðist töluvert í ár vegna covid 19.

3.2 Eineltisáætlun- Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi

Leikskólar í Grafarvogi og á Kjalarnesi hafa útbúið sameiginlega eineltisáætlun. Aðstoðarleikskólastjórar í hverfinu unnu þessa áætlun saman.

Helga Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri í Fífuborg og Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Laufskálum stýrðu þessari vinnu að mestu leyti. Einnig kom Helgi Þór Harðarson í þjónustumiðstöð Miðgarðs að þessari vinnu.

4 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Gert er ráð fyrir að þrír foreldrar sitji í foreldraráði. Ráðið er valið með þeim hætti að óskað er eftir framboðum í ráðið í námskynningum að hausti. Vel gekk að manna ráðið og það skipa nú 3 mæður. Verkefni ráðsins hafa veið fleiri í ár en oft áður og kunnum við þessum mæðtum bestu þakkir. Ráðið skipa Sunneva Svavarsdóttir, Andrea Rós Óskarsdóttir og Ingunn Margrét Óskarsdóttir.



Námskynningar

Námskynningar eru áætlaðar í lok september ár hvert. Kynningarnar fara fram á hverri deild fyrir sig og gefin er nægur tími til spjalls eftir kynningar. Haustið 2019 var ekki fullmannað í Laufskálum og ráðningar gengu hægt. Til að létta álag og forgangsraða verkefnum var ákveðið að fella niður námskynningar þetta haustið og allur tími og mannaflí fór í að tryggja öryggi barna og skerða sem minnst þjónustu. Foreldrahópurinn sýndi þessu skilning og nýttu sér upplýsingar sem sendar eru í tölvupósti reglulega.

4.1 Foreldraviðtöl

Yfir skólaárið er tvisvar boðið upp á formleg viðtöl í október og apríl. Þessi tímasetning þykir góð þar sem skólaárið er nýlega hafið þegar fyrra viðtalið fer fram, þar sem markmið er sett og svo að vori er farið yfir hvernig til tókst. Vel var mætt í viðtölin að hausti þó töluvert streð hafi verið að sinna öllum vegna manneklu sem áður hefur verið minnst á. Vorviðtölin voru svo ný áskorun þar sem ekki var hægt að bjóða foreldrum í leikskólann vegna heimsfaraldurs covid-19. Brugðið var á það ráð að bjóða símaviðtöl og nokkur fjöldi foreldra nýttu sér það. Leikskólakennararnir sinntu þessu með sóma en höfðu allir á orði að þetta væru ekki nægjanleg gæði fyrir viðtal um nám ungra barna. Í þessum samtölum voru alltaf leikskólakennari og annað foreldri barnsins sem er mikil ókostur því við verðum vör við að foreldrar vilja gjarnan koma bæði í viðtal og hafa sterkar skoðanir á námi barna sinna sem þurfa að heyrast á þessum vettvangi.

4.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Töluverðar breytingar urðu í stjórn foreldrafélagsins. Til verkefna innan stjórnar komu þó vanar hendur því þar settust foreldrar sem voru komin aftur í leikskólann með næsta barn sitt og fólk sem ekki hafði verið í stjórn en alltaf verið styðjandi við starf félagsins.



5 Starfspróunarsamtöl

Viðtölin voru til mats í ár og stutta útgáfan er sú að enginn vildi breyta neinu varðandi viðtölin nema þá helst tímasetningunni á árinu. Starfsmenn fengu spurningarlista um viðtölin og unnu svör í hópum að undangengnum umræðum. Viðtölin fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra í maí. Staðsetning viðtalanna virtist henta öllum, notalegt og kunnuglegt umhverfi skrifstofu leikskólastjóra hefur góð áhrif. Farið var yfir starfslýsingar í viðtölunum. Allir könnuðust við starfið sitt miðað við starfslýsingarnar og voru nokkuð ánægðir með eigin frammistöðu. Að fara yfir starfslýsingar er sennilega gott efni í starfsmannaviðtali en þarf ekki að vera aðalatrið eða plássfrekt í öllum viðtölum. Að gefa kost á að máta sig við starfslýsinguna og jafnvel skoða starfslýsingar annarra gæti líka verið efni á starfsmannafundi og skapað umræðu um ólík störf innan leikskólans, skilning á ólíkum verkefnum og jafnvel kveikt áhuga á starfspróun eða menntun hjá einhverjum.

6 Skipulagsdagur og leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Laufskólar

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ 1/2 Starfsdagur FH	1 F	1 S	1 Þ Fréttadagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Fréttadagurinn	1 L Vetrardagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M Fréttadagurinn	2 M Jónsdagurinn	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Fréttadagurinn	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ Fréttadagurinn	3 F Jónsdagurinn	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M Fréttadagurinn	4 F Jónsdagurinn	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F Fréttadagurinn	5 L	5 Þ	5 F	5 F Starfsdagurinn	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F Fréttadagurinn	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagurinn	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M Fréttadagurinn	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ Fréttadagurinn	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M Fréttadagurinn	11 F Jónsdagurinn	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F Fréttadagurinn	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F Fréttadagurinn	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L Fréttadagurinn	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 L	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 F	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 L	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		

7 Sérkennsla


„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánu samstarfi við foreldra. *Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innanbarnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.*“ (tekið úr Sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009)

- Lögð er áhersla á að barnið njóti þess stuðnings sem það hefur innan barnahópsins í daglegu starfi leikskólans. Barnið er eitt af barnahópnum inn á deild og allir kennarar bera ábyrgð á því.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á öllum börnum á deildinni líka börnum með sérþarfir. Ber hann ábyrgð á því að barnið njóti þess stuðnings sem barnið hefur rétt á. Einnig ber hann ábyrgð á því að láta vita ef stuðningsbarn er ekki í leikskólanum.
- Stuðningsaðili á að taka þátt í daglegum athöfnum inn á deild og þá grípa aðrir kennarar inn í að kenna stuðningsbarninu. Með því erum við að stuðla að því að barnið einangrist ekki við einn kennara heldur sé partur af hópnum bæði í augum barna og kennara. Ábyrgðarmaður sérkennslu, stuðningsaðili og deildarstjóri bera ábyrgð á að barnið fái þann stuðning sem það þarf.
- Lögð er áhersla á að börnin læri í gegnum leikinn í samvistum við önnur börn. Stuðningsaðili verður að sjá til þess að barn sé sjaldan eitt í leik með kennara þar sem mikilvægt er að efla félagsfærnina.
- Þegar barnið er að taka þátt í daglegum athöfnum leikskólans á stuðningsaðili að gera það líka. t.d þegar barnið er að fara út þá klæðir barnið sig út með hópnum (með aðstoð ef þarf) og stuðningsaðili annað hvort fer út sem kennari með barninu eða aðstoðar við að klæða aðra.
- Ábyrgðarmaður sérkennslu og stuðningsaðili barnsins bera ábyrgð á að einstaklingsnámskrá sé gerð og endurskoðuð eftir 3-6 mánuði.
- Í einstaka tilfellum þarf stuðningsbarn að fara með stuðningsaðila í einstaklingsvinnu, er það þá gert í samráði við Ábyrgðarmann sérkennslu.

„Sérkennslutímar eru notaðir á markvissan og faglegan hátt í samræmi við þarfir barnsins. Í leikskólanum er unnið samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem tryggja bestan árangur og áhersla er lögð á að barnið eigi fulla hlutdeild í leikskólasamfélaginu.

Fagleg rök skulu ætíð styðja val á námsaðferðum, hvort sem þörfum barnsins er mætt í hóp eða unnið með það eitt sér.“(tekið úr Sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009).

Staða sérkennslustjóra í Laufskálum hefur verið í nokkurri óvissu. Við höfum skipt 2x um sérkennslustjóra á stuttum tíma og veikindi sérkennslustjóra hafa sett strik í reikninginn. Af þessum völdum höfum við þurft að hlaupa hraðar til að sinna verkefnum sérkennslustjóra að eins miklu marki og við (leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri) getum.



Þrjú börn nutu stuðnings á skólaárinu sem 4 kennarar sinntu. Sérkennslustjóri er með málörvun alla daga vikunnar og einnig fer málörvun fram á öllum deildum leikskólans í daglegu starfi. Sérkennslustjóri heldur utan um hvaða börn þurfa einstaklings málörvun og sér um hana. Stuðst er við íslenska þroskalistann, hljóm 2, AEPS og orðaskil til að meta hvar börnin eru stödd í þroska, en deildarstjórar ráðfæra sig við sérkennslustjóra ef þeir hafa áhyggjur af þroska barna. Þá fer fram snemmtæk íhlutun og rætt um barnið á stjórnendafundi sem er sérstaklega ætlaður til umfjöllunar og ráðgjafar um börn sem þurfa frekari aðkomu kennara. Elstu börnin fara í Hljóm-2 að hausti og síðan aftur að vori. Frávik eruð meðhöndluð eftir þörfum. Einnig hefur leikskólinn aðgang að talmeinafræðingi frá Þjónustumiðstöð.

Sérkennslustjóri og stuðningsaðili barnsins koma að gerð einstaklingsnámskrár. Gerð er einstaklingsnámskrá út frá AEPS lista sem þegar hefur verið fylltur út.

Teymisfundir fyrir hvert barn sem nýtur stuðnings eru á 6 vikna fresti. Teymi í kringum hvert barn mynda foreldrar, sérkennslustjóri, stuðningsaðili og fulltrúi frá þjónustumiðstöð. Foreldrar eru hvattir til að vera þó alltaf í góðu sambandi við alla þessa aðila.

Samráð leikskóla og þjónustumiðstöðvar er á 6-7 vikna millibili þar sem farið er yfir málefni þeirra barna sem eru í ferli og einnig þau börn sem leikskólinn vill ræða. Hegðunarráðgjafi og talmeinafræðingur veita ráðgjöf og þjálfun sé þess þörf og óskað eftir.

Sérkennslustjóri er alltaf til staðar og veitir ráðgjöf bæði til foreldra og starfsfólks.

Undanfarin ár hefur töluverður fjöldi barna notið sérkennslu í Laufskálum og hér því skapast víðtæk þekking og mikil reynsla. Það sem mestu gagnrýni hefur hlotið við sérkennsluna er það skipulag að ef sérkennsla fellur niður vegna veikinda stuðningsaðila að þá er ekki gert ráð fyrir afleysingu.

8 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fjármagn vegna starfs með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku er misjafn ár frá ári og ráðstöfun því háð því. Það er hins vegar alltaf viðhöfð skipulögð, metnaðarfull og einstaklingsmiðuð vinnubrögð þegar kemur að uppeldi og kennslu barnanna.

Við upphaf leikskólavistar eru allir foreldrar boðaðir í einkaviðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra barnsins. Þegar þess gerist þörf er túlkur viðstaddur. Enginn tímamörk eru á þessu viðtali og séð til þess að foreldrar fari ekki fyrr en öllum spurningum hefur verið svarað og grunnur að trausti og öryggi myndaður. Á þessum tíma er farið yfir hvað leiðir er gott að fara við upplýsingagjöf og samskipti þannig að allir aðilar séu sáttir.

Starfið er fléttað inn í allt annað starf í leikskólanum og gjarnan leitað leiða til að fleiri börn geti nýtt sér ef um sérstaka þjálfun er að ræða allt til að styrkja félagstengsl og efla liðsheild. Námsáætlanir barna með annað móðurmál en íslensku miðast við bakgrun þeirra og eru allt frá að byrja á myndum og bendingum, nota app til þýðingar á orðum og setningum t.d. varðandi dagskipulagið uppí að vinna markvist með ákveðna þætti í þroska þeirra. Það eru forréttindi að fá að fylgjast með barni mynda félagatengsl og skapa vináttu og þegar þetta

gerist án þess að börnin tali sama tungumál erum við leikskólakennarar sannfærðir um að leikurinn er besta leiðin í uppeldi og kennslu.

Virðing er hugtak sem mikið er unnið með í Laufskálum og ólíkir menningarheimar njóta mikillar virðingar. Við viðurkennum þegar við vitum ekki nóg eða jafnvel ekkert um menningu nýrra barna og sækjumst eftir að fræðast. Kúnst getur verið að flétta saman heimamenningu allra barnanna en heiðarleiki er bestur og með fróðleik og virðingu verður þetta skemmtilegt leikskólastarf. Heimamenning allra barnanna er reglulega kynnt og þegar haldin er sérstakur dagur með kynningum finnst öllum upphefð í að fá að kynna sína heimamenningu. Kynningar á rigningardönsum, harðfiskáti, framandi mat og þjóðbúningum gefa deginum hátíðarblæ.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku kemur í leikskólann er alltaf kynnt fyrir starfsfólki hvað tungumál er móðurmál barnsins og að það sé mikilvægt að barnið fái að nota móðurmál sitt og að virðing sé borin fyrir þörf barnsins að tjá sig á sínu móðurmáli. Mikil áhersla er lögð á að sinna fróðleiksfýsn barnsins og tækifæri til málörvunar vel nýtt. Reynslu minna starfsfólks sem gjarnan vill leggja sitt af mörkum er leiðbeint og gjarnan má sjá þau grípa bækur og njóta samvista við börnin með lestri og spjalli um bókina. Mikil verðmæti liggja í bókum og lagt uppúr því að eiga alltaf gott úrval bóka. Bókin er frábært tæki til málörvunar, samskipta og samvista.

F. h. leikskólans Laufskála 30.06.2020

Hildur L. Jónsdóttir leikskólastjóri



9 Fylgiskjöl

9.1 Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fj öldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		Sérkennslustjóri hefur aðkomu að öllum börnum leikskólans sem þurfa. Hann situr teymisfundi með öllum börnum sem teyr er kringum. Ekki eru til nákvæmar tölur um fjölda barna sem njóta aðkomu sérkennslustjóra en í Laufskólum er aðkoma hans allt frá stuttri ráðgjöf í aðkomu daglega í lengri eða skemmri tír
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já.	Lubba verkefni er virkt í leikskólanum en skýrari línur þarf um hvenær á að hefja vinnu með Lubba þe á hvaða aldri börnin eiga að vera.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila	Já	

(foreldrar, börn og starfsfólk)		
Eru einstaklingsnámsk rár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Það væri hægt að hafa markvissara upplýsingaflæði.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráð amönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Æfingastöð lamaðra og fatlaðra, Landsspítla-fyrirburateymi, Greiningarstöð ríkisins, talmeinafræðingar.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	




Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi



- • Verum góð hvert við annað
- • Hjálpumst að
- • Við erum ekki öll eins
- • Virðum hvert annað

Inngangur

Leikskólar í Grafarvogi og á Kjalarnesi í samstarfi við Þjónustumiðstöðina Miðgarð hafa gefið út sameiginlega eineltisáætlun fyrir Grafarvog og Kjalarnes. Tilgangur þessa samstarfs er að skapa samhljóm og leggja línur í forvarnavinnu leikskóla í hverfunum. Markmiðið með þessari eineltisáætlun er að starfsfólk, börn og forráðamenn í Grafarvogi og á Kjalarnesi verði meðvitaðri um forvarnir og viðbrögð við einelti. Áætlunin var unnin af aðstoðarleikskólastjórum í hverfunum.



ÍSJAKINN
Einelti meðal
ísjaki, meirihluti

barna er eins og
þess fer

fram undir yfirborðinu þar sem fullorðna fólkið sér ekki til.

Vinátta í Grafarvogi og Kjalarnesi

Eineltisáætlun leikskóla Grafarvogs og Kjalarnes

„Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólalag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi“. (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Um eineltisáætlunina

Í Grafarvogi og á Kjalarnesi eru ellefu leikskólar reknir af Reykjavíkurborg og þrír sjálfstætt starfandi leikskólar. Þeir sem reknir eru af

Reykjavíkurborg eru: Brekkuborg, Engjaborg, Fífuborg, Funaborg, Hulduheimar, Klettaborg, Laufskálar, Lyngheimar, Nes, Sunnufold og Berg.

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru Ungbarnaleikskólinn Ársól, Fossakot og Korpukot.

Þessi eineltisáætlun er fyrir öll börn í leikskólum Grafarvogs og Kjalarnes. Markmiðið er að hún sé einföld og skýr.

Markmið með eineltisáætluninni er að:

- Starfsmenn leikskólanna vinni að forvörnum gegn einelti.
- Starfsmenn og forráðamenn séu meðvitaðri um einelti og birtingarmyndir þess og vinni gegn því með öllum ráðum.
- Viðbrögð við úrlausn eineltismála séu skýr og nákvæm og lúti ákveðnu ferli.

Einn mikilvægasti þátturinn í baráttu gegn einelti eru forvarnir. Unnið er með vináttu, virðingu, samkennd og börnin þjálfuð í lýðræðislegu samstarfi.

Einelti getur hafist í leikskóla og fylgt barni áfram upp á næsta skólastig ef ekkert er aðhafst. Á leikskólaaldri mynda börnin vinatengsl og það getur skipt sköpum að þau fái tíma til að þroska þessi tengsl og fái hjálp til að rækta þau. Það getur breytt miklu fyrir barn að eiga traustan og góðan vin. Börn í leikskólanum eru í öruggu umhverfi og í nánnum tengslum hvert við annað. Þá er kjörið að hefja forvarnavinnu gegn einelti.

Hvað er einelti?

Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum aðila eða hópi með síendurtekinni:

- Stríðni eða látbragði.
- Niðrandi ummælum og sögusögnum.
- Andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi.
- Félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.

Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, það verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif.

Vinátta og forvarnir gegn einelti í leikskóla

- Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi jafningjasamskipta.
- Forvarnir eru einn sterkasti þátturinn í baráttu gegn einelti í leikskóla.
- Vináttufærni er hægt að kenna og þjálf.
- Styrkja æskilega hegðun barna.

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess hvernig börnum gengur í jafningjasamskiptum þar sem það hefur mikil áhrif á allt þeirra líf. Þekking starfsfólks leikskóla á birtingarmyndum og einkennum eineltis og viðbrögðum við einelti er því afgerandi árangursþáttur í eineltismálum leikskóla. Þar að auki er góð samvinna heimilis og leikskóla mikilvæg.

Forvarnir eru einn sterkasti þátturinn í baráttu gegn einelti í leikskólastarfi, þ.e. að búa svo um hnútana að einelti komi ekki upp. Vinátta er mjög mikilvæg fyrir börn á leikskólaaldri sem eru megin mótunarár barnsins. Í samskiptum við aðra læra þau félags- og vináttufærni. Að vinna með vináttu barna er því eitt af mikilvægustu hlutverkum forráðamanna, kennara og annarra sem vinna með börnum. Vináttufærni er hægt að kenna og þjálf og því eru verkefni sem þjálf samskiptahæfni mjög gagnleg fyrir börn. Slík forvarnarverkefni leggja mikla áherslu á þætti eins og samkennd, umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, vináttu og leiðir til vellíðunar í barnahópnum. Einnig hjálpa þau börnum að setja sjálfum sér og öðrum mörk.

Það skiptir miklu máli að styrkja æskilega hegðun barna í stað þess að bregðast eingöngu við þegar óæskileg hegðun á sér stað. Forráðamenn og starfsfólk þurfa að vera vakandi fyrir vanlíðan barna. Skoða félagstengsl og samskipti þeirra og bregðast við á viðeigandi hátt. Gott er að huga að barnahópnum í heild.

Náin samskipti heimilis og leikskóla þar sem traust ríkir og gott upplýsingaflæði er milli aðila, stuðlar að því að rétt sé brugðist við. Hlutverk forráðamanna er að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna og vera í sambandi við deildarstjóra þar um. Einnig að stuðla að jákvæðum samskiptum barna utan leikskólatíma.

Forráðamenn og starfsfólk leikskóla eru fyrirmyndir í samskiptum og þarf að temja sér jákvæðni og bera virðingu hvert fyrir öðru.

Nokkur góð forvarnaratriði

- Markviss fræðsla og þjálfun í að vinna gegn einelti og bæta samskipti t.d í símenntunaráætlun starfsmanna.
- Skýrir verkferlar í forvarnarmálum, s.s. viðbrögð vegna gruns um einelti.
- Vinna með samskipti, s.s. forvarnarverkefni sem efla vináttu, félagsfærni, samkennd, samhygð, umburðarlyndi, virðingu og að setja sig í spor annarra.
- Reglur í leikskólanum. Mikilvægt er að börnin taki þátt í mótun samskiptareglna.
- Samningur starfsfólks um samskipti og sáttmáli um uppbyggilegan starfsanda sem byggir á jákvæðni, virðingu og gleði.

- Virkt eftirlit á öllum starfssvæðum leikskólans.
- Gera reglulega athuganir um samskipti, kanna líðan barna og vinatengsl. (t.d. með því að nota *Gátlista til að kanna hvort einelti á sér stað innan barnahópsins*, þ.e. tengslakönnun og vinakönnun).

Gátlisti til að kanna hvort einelti á sér stað innan barnahópsins


Fyrsta skref kennarans er að greina stöðu barnanna í hópnum og gera áætlanir til úrbóta ef niðurstöður gefa til kynna að einelti eigi sér stað.

Til að greina stöðuna eru notaðar kannanir þar sem börnin segja frá hverjir eru vinir þeirra í leikskólanum. Þessar kannanir eru: tengslakönnun og vinakönnun. Í tengslakönnun nefna börnin tvö nöfn barna sem þau segja að séu vinir þeirra. Í vinakönnun mega börnin nefna eins marga og þau vilja. Þriðja könnunin eru einstaklings viðtöl við börnin, þar sem þau tjá sig um líðan og vináttu.

Í greiningavinnunni er mikilvægt að gera lágmark eina af þessum þremur greiningum til að fá raunverulega mynd af samskiptum innan hópsins.

Næst er að greina stöðu barnanna út frá samþykki félaganna en rannsóknir hafa sýnt að það hvernig börnum gengur í jafningjasamböndum hefur mikil áhrif á allt þeirra líf.

Ýmislegt hefur verið rannsakað í sambandi við jafningjasamskipti barna. Þar á meðal hvernig einstaklingar skiptast eftir samþykki jafningja. Í ljós hefur komið að 55% barnanna eru það sem er kallað meðal, 15% eru vinsæl, 15% er hafnað af hópnum og 15% eru félagslega týnd og gleymd. (sjá skilgreiningu aftast í bæklingi)



(Laugeson, 2013)

Þegar kennari hefur lokið greiningavinnunni hefur hann fengið gott yfirlit yfir félagslega stöðu barnanna. Þá er komið að því að gera áætlanir um vinnuna með þau börn sem þurfa aðstoð en það þarf líka að vinna með allan barnahópinn.

- Hópurinn þarf að koma sér saman um hvernig samskipti og reglur eiga að vera.
- Æfa og kenna markvisst félagsfærni, vináttu og samvinnu. Þar sem markmiðið er að andinn í hópnum einkennist af af samkennd, virðingu, umhyggju og umburðarlyndi.
- Kennari gerir greiningavinnuna aftur til að sjá hvort einhverjar breytingar hafa orðið.

Viðbrögð vegna gruns um einelti

Allar ábendingar um einelti eru teknar alvarlega. Þegar grunur um einelti berst til leikskólans frá barni, forráðamanni eða starfsfólki leikskólans er henni komið til deildarstjóra.

Deildarstjóri greinir málið samkvæmt gátlista um einelti og leitar eftir upplýsingum frá starfsfólki og öðrum sem koma að leikskóla-starfinu. Næstu skref málsins eru ákveðin í samráði við eineltisteymi leikskólans.

Aðgerðir

Ef deildarstjóri í samráði við eineltisteymi metur hvort um einelti sé að ræða gerir hann forráðamönnum grein fyrir stöðunni og farið er yfir:

- Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þá sem eiga hlut að máli.
- Hvað forráðamenn geta gert til að aðstoða barn sitt.
- Samstarf forráðamanna og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
- Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki og leikskólastjóra grein fyrir stöðu mála.
- Deildarstjóri skráir allt ferlið frá tilkynningu máls. Forráðamenn eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

Eineltisteymi

Í eineltisteymi situr leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Viðkomandi deildarstjóri tekur einnig sæti í teyminu. Þegar máli er vísað til eineltisteymis skal það í samstarfi við forráðamenn setja fram áætlun. Þar komi fram ákvörðun um úrvinnslu og verkaskiptingu, þ.e. hver beri ábyrgð á tilteknum þáttum þess. Ef þurfa þykir skal leita eftir aðstoð og ráðgjöf hjá eineltisteymi Miðgarðs um úrlausn mála að fengnu samþykki forráðamanna.

Skilgreining á jafningasamskiptum barna

Meðal

Börn sem falla í þennan flokk eiga það sameiginlegt að nokkur hluti hópsins þekkir þau og líkar vel við þau. Þau eiga vini og eru félagslega í fínun málum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim félagslega.

Vinsæl

Allir vita hver vinsælu börnin eru og flestum líkar vel við þau. Þau hafa skýra stöðu innan hópsins. Sum vinsæl börn eru jákvæðir leiðtogar en önnur eru neikvæðir leiðtogar. Jákvæðir leiðtogar hrósa, hjálpa, styðja. Neikvæðir leiðtogar stríða, meiða, skilja útundan og særa, ásamt því að draga önnur börn með sér í þessa hegðun. Neikvæðir leiðtogar eiga stóran þátt í að skapa neikvæða menningu í hópnum og viðhalda henni. Sum börn eru bæði jákvæðir og neikvæðir leiðtogar. Mikilvægt er fyrir foreldra og fagfólk að átta sig á hvaða börn eru jákvæðir og hvaða börn neikvæðir leiðtogar. Hjálpa þarf neikvæðu leiðtogunum að breyta sinni neikvæðu hegðun og styrkja þarf jákvæðu leiðtogana.

Hafnað

Börn sem lenda hér er meðvitað hafnað af hópnum. Er það sársaukafull og erfið reynsla sem hefur neikvæðar afleiðingar. Í sumum tilfellum er börnum hafnað vegna eigin hegðunar en í öðrum vegna annarra þátta, eins og öfundar eða því að barnið er öðruvísi á einhvern hátt. Ef um hegðun er að ræða er það oft hegðun sem hinum börnunum finnst truflandi, meiðandi

eða pirrandi. Þá getur einnig verið um klaufalega félagslega hegðun að ræða, sem og brot á viðurkenndum félagslegum reglum hópsins. Mikilvægt er að taka það fram að ekkert barn velur að vera hafnað heldur er það hópurinn sem ákveður að hafna barni. Auk þess er mikilvægt að átta sig á að börn sem er hafnað hafa oft slæmt orðspor á sér, sem gerir þeim erfitt fyrir. Þau eiga mörg fáa eða enga vini en flest þeirra vilja ekkert frekar en að breyta þeirri stöðu. Þegar hjálpa á börnum sem er hafnað þarf að byrja á að finna út af hverju hópurinn hafnar þeim. Síðan þarf að gera áætlun um aðgerðir. Yfirleitt þurfa aðgerðirnar að beinast bæði að hópnum í heild og einstaklingnum sem er hafnað.

Týnd

Í þennan hóp fara þau börn sem eru feimin, óörugg og hlédræg. Þau tala oft ekki að fyrra bragði, eiga erfitt með að komast inn í leik sem er byrjaður, þora ekki að spyrja eftir öðrum börnum og hreinlega týnast í hópnum. Þau eru ekki eins og þeim sem er hafnað með slæmt orðspor, heldur eru þau ekki með neitt orðspor. Stundum týna fullorðnir einnig þessum börnum. Þau eru flest, eins og þeim sem er hafnað, að leita að vinum en lenda í vandræðum oft vegna eigin óöryggis. Þá geta tungumálaerfiðleikar einnig orðið til þess að börn lenda í týnda hópnum. Hjálpa þarf týndum börnum með vináttu og samskipti.

*„Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg velliðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“
(Aðalnámskrá leikskóla 2011).*

10 Umsögn foreldraráðs



Á grundvelli framagreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum Laufskálum og Skóla- og frístundasviði. Foreldraráð Laufskála samþykkir starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2020. Framkvæmd á deildarmati er til fyrirmyndar og hvernig leikskólinn mætir því að deildarstjóri geti sinnt þeirri vinnu. Það verður gaman að fylgjast með þróun þess í framtíðinni. Ánægjulegt að sjá virkt lýðræði í Laufskálum bæði í barnahópnum og starfsmannahópnum. Í starfsáætlun virðist það ásamt gleði vera leiðarljós sem gerir leikskólann að skemmtilegum vinnustað, bæði fyrir börnin okkar og starfsfólk. Innra starf leikskólans er samkvæmt mati, algjörlega sniðið að aldri og þroska barna. Samstarf við nærumhverfi er til fyrirmyndar og sérstaklega ánægjulegt að sjá samstarf á milli leikskóla í Rimahverfinu sem liður í undirbúning fyrir grunnskólagöngu. Starfsfólk leikskólans undir stjórn Hildar Lilju stendur sig virkilega vel og á hverjum degi ganga börnin okkar inn í jákvætt þroskandi umhverfi þar sem gaman er að vera.

Þó það komi ekki formlega fram í starfsáætlun, en aðeins í inngangi hjá leikskólastjóra, þá ber að nefna að öll viðbrögð og upplýsingastreymi í kringum Covid-19 á vorönn voru leikskólanum og starfsfólki hans til fyrirmyndar.

Foreldraráð Laufskála samþykkir og styður starfsáætlunina, enda vel unnin og í samræmi við áherslur leikskólans.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Andrea Rós Óskarsdóttir
Ingunn M. Óskarsdóttir
Sunneva Svavarsdóttir

